

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

MARS 2021



3. tbl. 24. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Á annan tug hafa áhuga á Hótel Sögu



Háskóli Íslands hefur hafið formlegar viðræður um kaup á Bændahöllinni við Hagatorg í Vesturbæ Reykjavíkur, sem áður hýsti Hótel Sögu. Fjármálaráðuneytið leiðir samningaviðræður í samstarfi við HÍ og menntamálaráðuneytið.

Á annan tug mismunandi aðila hafi lýst áhuga á að kaupa Hótel Sögu. Um er að ræða erlenda

og innlenda fjárfesta sem sýna húsinu áhuga og þá með hótélrekstur í huga. Þessi áhugi kom forsvarsmönnum Bændasamtakanna verulega á óvart. Hótelið hefur verið í greiðsluskjöli síðan í júlí og því var lokað í nóvember. Eins og bent var á í síðasta Vesturbæjarblaði yrðu slegnar tvær flugur í einu höggi með því að Háskóli Íslands eignaðist húsið.

20.000KR. Í HVELLI!
FINNUR ÞÚ?
Þú gætir unnið 20.000 kr. í einum hveli!
HAPPA PÖNNAN
Skammtílegt að skaf!



Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við
Stefán Melsted
veitingamann

- bls. 10-11
Baráttan um
Bernhöftstorfuna
fékk farsælan endi

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafafyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Melabúðin

VERSLUN SÆLKERANS

OPIÐ UM PÁSKANA KL. 10-20
LOKAÐ PÁSKADAG

Sælkerabúðin þín



Lambalæri á páskatilboði í kjötborðinu
gildir 31/3 - 5/4

PÁSKAEGG Í ÚRVALI



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

3. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

Breytingar

Miklar breytingar hafa orðið og eru að verða í Reykjavík. Vestur- og Miðborgin eru þar ekki undanskilin. Mikil uppbygging hefur átt sér stað allt frá Hlemmi meðfram hafnarsvæðinu og út í Örfirisey.

Ásvæði sem var vanhirt og forljótt malarstæði fyrir bíla ofan Austurhafnarinnar hefur risið glæsilegt hverfi íbúða og verslana. Svo glæsilegt að minnir á byggðir í miðborgum erlendra stórborga.

Fjöldi verslana hefur fært starfsemi sína á Hafnartorgið og ýmis önnur atvinnustarfsemi hefur verið og er að setjast þar að.

Tíma tekur fyrir fólk að venjast nýjum byggðum og nýjum möguleikum. Því er ekki óeðlilegt að nokkurn tíma taki að kynna þessa byggð og möguleika hennar fyrir almenningi.

Einn af kostum hinnar nýju byggðar eru á annað þúsund bílastæði sem er að finna undir torginu. Þar ættu þeir sem kjósa að fara um á einkabílum að finna fararskjótum sínum örugg stæði á meðan þeir njóta þess sem Miðborgin hefur að bjóða.

Samgöngur eru að taka breytingum um þessar mundir. Sömlæg gatnamót og endalaus hringtorg taka mikið pláss og leysa ekki allan vanda. Hér verður borgarlínan að veruleika. Fleiri nota reiðhjól, rafhlaupahjól og önnur léttfarartæki sem skotið hafa upp kollinum. Rafknúin farartæki munu leysa jarðefnagnúin farartæki smám saman af hólmi.

Þessar breytingar skapa umræðu. Á meðan sumir syrgja fortíðina fagna aðrir framtíðinni. Þar koma kynslóðaskipti að einhverju leyti við sögu. Breytingar í borginni verða ekki umflúnar. Margt þarf ekki að sakna.

Vill leigja Geirsgötu 11

Rafnar ehf. vill leigja Geirsgötu 11 á Miðbakkannum og nota undir þróun og framleiðslu á treffabátum. Ask Arkitektar ehf. hafa sent fyrirspurn til Reykjavíkurborgar þess efnis hvort leyfi verði starfsemi sem felur í sér þróun og framleiðslu treffabáta í húsinu á lóð nr. 11 við Geirsgötu. Beiðninni hefur verið vísað til umsagnar verkefnisstjóra skipulagsfulltrúa. Um er að ræða hluta hússins, eða 1.500 fermetra framleiðslurými og 200 fermetra skrifstofur. Tekið er fram að húsnæðið sé til útleigu til skemmri tíma eða þriggja til fimm ára á meðan framtíðarnýting lóðarinnar verði skoðuð.

Um er að ræða hina gömlu vöruskemmu er lengi hósti vöruafgreiðslu Skipautgerðar ríkisins meðan hún var og hét. Frá því að starfsemi hennar var lögð niður var Fiskverkun Jóns Asbjörnssonar þar til húsa um tíma en á síðari árum



Vöruskemman við Geirsgötu 11.

hefur húsnæðið lítið verið notað og þá einkum fyrir geymslutarfsemi. Húsið komst í eigu útvegsfélagsins Brim en er í dag í eigu dótturfélags fyrirtækjasamsteypu að nafni Berjaya Corporation sem er í eigu malasíska milljarðamæringingsins

Vincent Tan. Húsið hefur verið í fréttum að undanfögnu vegna áforma malasíska auðkófingsins Vincents Tans um að byggja rúmlega 33 þúsund fermetra byggingu með hóteli á Miðbakka hafnarinnar. Borgaryfirvöld höfnuðu sem kunnugt er beiðni Tans.

Pósthús mathöll

Glæsilegir veitingastaðir fyrirhugaðir í gamla pósthúsinu

Ætlunin er að breyta gamla Pósthúsinu við Pósthússtræti í mathöll á næstunni. Nýja mathöllin fær nafnið Pósthús Mathöll sem verður að teljast vel til fundið og það eru þungavigtarmenn í veitingageiranum sem standa að henni. Fremstir þar í flokki eru bræðurnir Ingvar og Hermann Svendsen sem hafa rekið og átt fjölda veitingastaða hérlendis, auk Þórðar Axel Þórissonar og Leifs Welding.

Byggð verður 140 fermetra glerbygging í porti gömlu lögglustöðvarinnar sem verður hluti af Mathöllinni en alls verða tíu veitingastaðir og einn glæsilegur kokteilbar í höllinni. Að sögn Leifs verður hönnunin innblásin af miðjarðarhafinu og mikið gert upp úr gleði og stemningu, fyrir utan auðvitað framúrskarandi mat.

Gert er ráð fyrri að Pósthús Mathöll muni ekki eiga sína líka á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Stefnt er á að opna í lok



Gamla Pósthúsið má muna fífil sinn fegurri. Þar var löngum helsta pósthús landsins en síðar var Hitt húsið sem hósti ungmennastarf á vegum Reykjavíkurborgar þar til húsa. Húsið hefur staðið autt að undanfögnu en vonir standa til að um næstu áramót verði matargestir farnir að gang þar um garða.

ársins með pompi og prakt. Verið er að leita að áhugasömum rekstraraðilum í þau pláss sem ekki eru þegar farin.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

VISA MÅNADUR LÁN AÐ 36 MÁNUDUM

Kjötkompaní

GRILLUM
OG
NITÓTUM
UM
PÁSKANA



Hafnarfjörði & Grandá

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Ef maður gerir eins vel og maður getur, þá gengur það

- segir Stefán Melsted veitingamaður í Plútó Pizza

Stefán Melsted opnaði ásamt Nikulási Ágústssyni nýjan pizzustað í Vesturbænum í vetur. Nefnist hann Plútó Pizza og er í verslanamiðstöðinni við Hagamel 67. Plútó Pizza er í húsnæði þar sem ritfangaverslunin Úlfarsfell var til margra ára en undir það síðasta fiskisjoppa Fisherman. Fisherman var lokað þar sem ekki þótti rekstrargrundvöllur fyrir hana eftir að covid faraldurinn skall á enda voru hluti af viðskiptavinum hennar ferðamenn. Við Hagamel 67 er verslunarkjarni – hús á einni hæð sem byggt var árið 1972. Hagamelskjarninn er raunar eina verslanasamstæðan í Vesturbænum og hefur lifað tvenna tíma í verslana- og þjónustustarfsemi í tæpa fimm áratugi. Þar hefur ýmiskonar starfsemi verið til húsa. Kjarninn var löngum þekktastur fyrir ritfangabúðina Úlfarsfell en þar var einnig löngum smávöruverslun eða sjoppa, stundum kölluð Vilborgarsjoppa eftir konunni sem rak hana og Ísbúð Vesturbæjar sem Aðalsteinn Bjarnfreðsson og stofnaði og rak um langan tíma þar til hún rann inn í stærri rekstur. Um tíma var prentsmiðjan Skákprent á Hagamelnum og bástust skellir prentvélanna stundum yfir í enda Kaplaskjólsvogar 31 sem er áfastur verslanahúsinu. Eftir prentsmiðjureksturinn var opnuð hverfiskrá á Hagamelnum. Þegar mátti selja bjór á Íslandi eftir áratuga bjórbann gerðu ýmsir sér glöð kvöld á Hauki í horni eins og kráin hét. Bakari var á Hagamelnum til skamms tíma og blómabúð hefur verið þar árum saman. Austurlenskur „take away“ veitingastaður kom í stað Vilborgarsjoppu. Fleira hefur haft þar viðkomu og nú síðast Plútó Pizza sem farin er að lífga upp á tilveruna á þessu einstaka horni Vesturbæjarins. „Við göntumst stundum með að lítill hluti New York borgar hafi litið dagsins ljós við Hagamel í Vesturbæ Reykjavíkur,“ segja þeir Stefán og Nikulás sem gáfu sér tíma til að setjast niður með Vesturbæjarblaðinu á dögnum.



Stefán Melsted t.h ásamt Nikulási Ágústssyni á Plútó Pizza í Vesturbænum.

Hvaðan koma þessir hressu strákar sem farnir eru að setja hálfamerískan svip á Hagamelinn. „Ég er fæddur og uppalinn Vesturbæingur,“ segir Stefán. Foreldrar mínir þau Kristín Árnadóttir og Stefán Melsted lögfræðingur hafa búið við Nesveginn í fjölda ára en eru reyndar að flytja. Þó ekki úr Vesturbænum heldur í nýju byggingarnar á gamla Lýsisreitnum út við Eiðisgrandann. Afi og amma bjuggu líka við Nesveginn. Afi var með hesta á Seltjarnarnesi. Melstaðsættina má rekja allt aftur til Páls Melstað amtmanns sem fæddur var á Völlum í Svarfaðardal 1791. Stefán kveðst þrátt fyrir að vera komin af embættisætt og lögmönnum aldrei hafa haft löngun til þess að nema þau fræði. Lögfræði og viðskiptafræði heilluðu mig ekki. Ég kláraði þó Versló en þælingur um nám og einnig löngun til þess að fara erlendis urðu til þess að ég fór til Kaupmannahafnar og hóf nám í matreiðslu árið 2006.“

Í Grønnegade

“Í Kaupmannahöfn kynntist ég Nikulási. Hann er ekki úr Vesturbænum heldur úr Hafnarfirði auk þess sem hann er hálfur Sikileylingur. Ég var ytra á árunum 2006 til 2011 en Nikki aðeins síðar. Hann kom út 2010 og var ytra til 2015. Ég lærði matreiðslu í Danmörku. Ég var fyrst í grunnnámi. Þegar því lauk kom að því að finna lærlingspláss. Það reyndist ekki auðvelt. Ég var heldur ekkert sleipur í dönsku en var þá bara búinn að vera sex mánuði í landinu. Ég vann fyrst hjá danska póstinum og bar út póst á meðan ég var að leita að veitingastað. Svo fékk ég pláss á stað sem heitir Restaurant Grønnegade. Þetta er lítill huggulegur fransk-danskur staður í Grønnegade 39. Götu sem margir Íslendingar þekkjá. Ég var í fjögur ár í Grønnegade meðfram því að mæta í skólann. Þarna kom danskan smátt og smátt - bæði í eldhúsinu og á barnum. Ég var að vinna með

strák frá Jótlandi þannig að ég var farinn að tala hálfgerða jósku sem er aðeins öðruvísi en Kaupmannahafnardskan.“

Örlögin gripu inn

Stefán segist hafa ætlað að bregða sér heim til Íslands og halda upp á námslokinn eða sveinsprófið en þarna hafi örlögin gripið inn í. „Ég fékk símtal. Einn þeirra sem ég vann með í Grønnegade hafði hætt nokkru áður en að ég útskrifaðist og fór að starfa sem „sous chef“ á D'Angleterre. Hann sagði mér að þá vantaði matreiðslumann. Þetta var á mánudegi og var farin að vinna þar á miðvikudegi. Þetta var boð sem ekki var hægt að neita. Vissulega var snobb í kringum D'Angleterre. Fína fólkið kom mikið þangað og stundum voru pelsar í röðum í fatahenginu.“

Brauðbær og Snaps

Eftir að Stefán kom heim

fór hann að svipst um eftir tækifærum. Hann fór eitt sumar sem kokkur í Flatey á Breiðafirði. Segir það hafa verið huggulegt sumar í skemmtilegu umhverfi. „Veturinn eftir kom þekktur veitingastaður við Óðinsgötu nánast upp í hendurnar á okkur. Þetta var gamli Brauðbær sem síðar fékk heitið Snaps. Við tókum við honum um áramót og fyrstu verkefni voru morgunmatur fyrir gesti Hótel Óðinsvéa sem er í sama húsi. Við opnuðum svo formlega þriðja mars. Staðurinn varð fljótt mjög vinsæll enda fyrsti „brasserí“ staðurinn hér á landi. Umhverfið var auðvitað mjög þekkt. Margir þekktu gamla Brauðbæ sem var smurbrauðsstofa í byrjun en síðan voru innleiddir nýir tíma í rekstrinum þar fyrir 1970 þegar veitingastaðir voru að skjóta rótum í Reykjavík. Stundum var sagt að Brauðbær ætti sinn fasta kunnahóp. Mig minnir að aðilar sem tengdust Karnabæ hafi komið oft þangað og auðvitað margir

fleiri. Með Snaps urðu eiginlega önnur kynslóðaskipti. Fljótlega fór sú saga á flot að bankamenn sætu mikið á Snapsinum. Bankamenn komu þangað en kunnahópurinn var miklu stærri. Hann var mjög fjölbreyttur. Bæði innlendir og erlendir því á þessum tíma var mikið um ferðamenn og margir gististaðir í nágrenninu.“

Með viðkomu í smurbrauðinu

Frá Snaps lá leiðin að pizzunum með viðkomu í smurbrauðinu. „Við rákum í smá tíma lítinn smurbrauðsstað í Ingólfsstræti sem við nefndum Kastrup. Það var danskur fílingur í því enda vorum við báðir búnir að búa og starfa í Kaupmannahöfn. Smurbrauðið á sér líka sterkar rætur í Danmörku. Við vorum þar í lok nóvember og fram til sumars. Ég er mikið fyrir smurbrauð og mikið fyrir síld, egg og rækjur, hönsesalat og rauðsprettu. Svo buðum við líka sólflúru, sem er

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Plútó Pizza við Hagamel 67

ræktuð í landeldi fyrir vestan. Þetta er rosa flottur fiskur; einn sá dýrasti í heimi. Og á kvöldin buðum við upp á sérstakt amerískt rib-eye nautakjöt. Hugmyndin var þó aldrei að vera lengi með þetta. Þetta var gert meira til þess að brúa millibilsástand.”

Ekki afturhvarf

Hvernig komu pizzurnar til. Eru þær ekki afturhvarf frá því sem þið voruð að gera áður. “Nei alls ekki. Við vorum farnir að plana að opna pizzustað þegar við rákumst á Hagamelinn. Þetta

hentaði okkur. Plássið var tómt frá því Fisherman hætti og Elías Guðmundsson eigandi Fisherman vildi gjarnan losna við þetta pláss þar sem hann var farinn að einbeita sér að framleiðslu fyrir verslanir. Hann var búinn að breyta húsnæðinu talsvert og laga það frá þörfum ritfangaverslunar að þörfum matvælaframleiðslu. Við gátum næstum því gengið inn en þurftum þó að fjárfesta í ofni og kæli því kælingin er mikilvægur þáttur í framleiðslu pizzadeigsins. Við vorum heldur ekki með nægilega stóran ofn í byrjun og því vildu myndast biðraðir þar

sem við gátum ekki afgreitt nægilega fljótt. Eftir að við fengum stærri og öflugri ofn breyttist það og biðraðirnar hurfu.”

Erum að bjóða horfnar gersemar

Þeir Nikulás og Stefán segja að strax þegar Hagamelurinn kom inn í myndina hafi verið byggt á hugmyndinni um hverfispizzeria sem myndi þjóna Vesturbæingum á einfaldan hátt. “Við erum hér í fjölmennu hverfi þar sem margt ungt fólk er búsett. Þetta er fólk sem er tilbúið að koma við,

stoppa stutt og sækja sér góðan mat. Við erum líka staðsettir í hálfgerðir miðbæjarstemningu. Vinsæl og mikið sótt ísbúð er hér við hliðina á okkur. Svo er stutt út í Vesturbæjarlaugina og fleira mætti nefna. Í dag erum við að bjóða upp á pizzur úr deigi sem við búum til frá grunni auk þess sem við hönnum og framleiðum sósurnar. Við erum að bjóða horfnar gersemar í íslenskrí pizzuflóru. Þar á meðal eru 18 tommu pizzurnar og einnig að selja sneiðar í New York stíl. Síðan er hugmyndin að geta útvíkkað þetta síðar og útbúa rétti sem fólk getur tekið með sér heim. Ferskt pasta, lasagna og jafnvel kjötbollur.

Parf ákveðna natni

Stefán segir að þeir Nikulás hafi verið að prófa sig áfram með uppskriftir. “Við höfum líka þurft að smakka en erum þó ekki komnir með leið á pizzum. Heldur þvert á móti. Nikulás er sérfræðingurinn í deiginu. Hann er hálfur Sikileylingur og afi hans bakaði þykkar pizzur á pönnu. Pizzur sem voru eins og brauð. Við ætlum að prufa að vera með þær seinna. Það eru ýmsar aðferðir til við þetta. Það þarf að leggja ákveðna natni við deigið. Við kaupum eitt besta hveitið sem hægt er að fá hérna á markaðnum. Hveiti er ekki sama og hveiti og við notum mjög lítið ger. Við búum til svokallað fordeig til þess að ná betur fram eiginleikum í þessu lifandi hveiti og látum það lyfta sér í kæli í minnst þrjá daga. Við gætum okkar líka á kryddi og salti þannig að fólk þyrfti ekki að sofa með vatnskönnu á náttborðinu vegna þorsta eftir að hafa fengið

sér of saltaða eða ofkryddaða pizzu í kvöldmatinn.”

Ef maður gerir eins vel og maður getur, þá gengur það

Fylgir stress þessu. „Nei og já,“ Stefán hugsar sig um. „Maður er svolítið stressaður þegar maður er að opna veitingastað. Viðtökurnar eru aldrei fyrir sjáanlegar. Kannski stefnir maður bara á hausinn. Ég hef opnað nokkra staði en ef maður einbeittir sér að því og gefur því allan hug sinn og reynir að gera eins vel og maður getur þá er það líklegra til að ganga. Þegar ég hætti afskiptum af Snaps fyrir tveimur árum fannst mér kominn tími til að fást við eitthvað sem er allt öðruvísi. Eins og ástandið er núna myndi ég ekki vilja vera með veitingastað þar sem fólk situr inni og fullt af þjónum því það hefur þurft að fækka borðum víðast um helming. Ferðamennirnir eru farnir alla vegu í brád en launin og leigan sitja eftir,“ segir Stefán.

Sumir velja sneiðar aðrir taka stórar

Það líður að hádegi. Fyrstu pizzur dagsins eru komnar úr ofninum. Nokkrir koma og fá sér sneiðar. Öðrum finnst þægilegt að fá sér pizzu í hádeginu. Tekur stóra með sér. Ungu fólkið á Melunum hefur greinilega veitt þessu nýja lífi á Hagamelnum athygli. Og KR svæðið er handan við hornið. Stefán og Nikulás hugsa sér að lífga meira upp á afgreiðsluna í framtíðinni. Plútó Pizza er í göngufæri við hálfan nýja Vesturbæinn.

Við stækkum
fermingar-
gjöfina þína

Við leggjum til allt að **12.000** króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja inn á Framtíðargrunn og í verðbréfasjóð. Það borgar sig að spara til framtíðar. Velkomin í Landsbankinn.

Skoðanaskipti á íbúaráðsvefnum



Fjölmennt var á fyrsta fundi íbúaráða í Reykjavík.

Opnað hefur verið fyrir vefsvæði á vefnum Betri Reykjavík þar sem borgarbúum býðst að koma á framfæri skoðunum sínum og reynslu af störfum íbúaráða/hverfisráða hingað til.

Íbúaráð Reykjavíkurborgar tóku til starfa í árslok 2019 og komu í stað hverfisráða sem voru starfandi í borginni um langa hríð. Íbúaráðin vinna að auknu íbúalýðræði innan borgarinnar og eru mikilvægur samráðsveitvangur Reykjavíkurborgar.

Tilgangurinn með þessu nýja fyrirkomulagi var að styrkja tengingu og stytta boðleiðir á milli borgarbúa og stjórnáslunnar, stuðla að aukinni upplýsingagjöf til íbúa ásamt því að styrkja möguleika þeirra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og vekja athygli á áskorunum innan viðkomandi hverfis.

Um tilraunaverkefni er að ræða og því lýkur í júní 2021. Nánari upplýsingar um íbúaráðin má nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/ibuarad>

Rússneska rétttrúnaðarkirkjan

Fær tveggja ára viðbótarfrest

Borgarráð hefur samþykkt að veita Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni á Íslandi tveggja ára viðbótarfrest til að hefja framkvæmdir við byggingu kirkju og safnahúss á lóðunum við Bræðraborgarstíg og Bakka-stíg. Frestur var gefin í tvö ár til viðbótar um leið til að ljúka framkvæmdum á lóðinni sem er 780 fermetrar að stærð.

Árið 2013 vildu íbúasamtök Vesturbæjar að fundin yrði önnur lóð, byggingin yrði allt of stór og afstýra þyrfti skipulagsslysi þar sem kirkjan yrði í ósamræmi við nærliggjandi byggð. Ýmsar aðrar athugasemdir bárust skipulagsyfirlöndum þar sem framkvæmdirnar var gagnrýnd, aðallega vegna útlits og stærðar kirkjunnar. Vegna breytinga á deiliskipulagi í febrúar 2014 tafðist hönnun kirkjunnar og síðar kom í ljós að



Rússneska rétttrúnaðarkirkjan eins og hún mun líta út fullbyggð.

breyta þurfti deiliskipulagi vegna breyttrar legu byggingarreits fyrir hana. Á því byggði fresturinn árið 2019. Enn voru gerðar breytingar í borgarráði í nóvember síðastliðnum og þá á umfangi byggingarinnar og hæðir kirkjunnar voru

minnkaðar. Árið 2019 fékk kirkjan lokafrest með fjögurra ára framlengingu á framkvæmdum. Ósk um enn frekar frest er aðallega byggð á áhrifum heimstaraldur af völdum Covid19.

Heilbrigðiseftirlitið

Vill ekki siglingaklúbb við skólpaðlústöð í Skerjafirði

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mælir gegn tillögu skipulagsfulltrúa um aðstöðu fyrir siglingaklúbb fyrir börn við skólpaðlústöð í Skerjafirði. Dælustöðin sé ekki með yfirfallsrás heldur aðeins neyðarlúga sem hleypa myndi út gríðarlegu magni af skólpi sem meðal annars gæti borð með sér veirur. Til skoðunar er að flytja siglingaklúbb barna og unglinga úr Nauthólsvík að skólpaðlústöðinni við Skeljanes.

Heilbrigðiseftirlitið bendir á að neyðarlúgan opnast beint í fjöruborðið. Á sérstökum álagstímum til dæmis vegna mikillar úrkomu og einnig ef viðhalds er þörf og ef bilun verður renni óhreinsað skólpi beint í sjóinn við hlið stöðvarinnar. Það magn sem losnar gæti orðið 1.750 lítrar á



Skólpaðlústöðin í Skerjafirði.

sekúndu. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að aðstaðan yrði staðsett innan varnargarðs við hlið núverandi dælustöðvar. Ný dælustöð sé hugsuð úti á varnargarðinum og

athafnasvæði siglingaklúbbsins yrði því á áhrifasvæði dælustöðva. Ef neyðarlúga opnast verði gerlamengun í umhverfinu langt yfir leyfilegum mörkum.

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR



Traust og fagleg þjónusta • NYTT: Vefverslun www.skorri.is

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bildshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

OPNUNAR-TÍMAR:

Virka daga

10.00-18.00

Laugardaga

10.00-16.00

Sunnudaga

Lokað



Sjálfstætt starfandi apótek sem býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum vörum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki



ÍSLANDS

LAUGAVEGI 46



APÓTEK

S: 414 4646

TOYO TIRES

PIRELLI
POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL

Laufenn
Journey in Style

MAXXIS
DEKK

Mastercraft
TIRES

NANKANG
FREE YOUR WAY


GT RADIAL

INTERSTATE
TIRES

Það er stutt í sumarið og líka í Nesdekk!

Réttu dekkin draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



Skoðaðu nýju heimasíðuna okkar á **nesdekk.is**
Þar er hægt að sjá verð á dekkjum okkar og panta sér tíma í dekkjaskipti!

Sjáðu úrvalið á
nesdekk.is

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun

NESDEKK
Öryggi í umferð síðan 1996

Verður Kaffi Reykjavík að mathöll?



Vesturgata 2 var þekkt sem Kaffi Reykjavík.

Lögð fram fyrirspurn um að gera matarmarkað og veitingarþjónustu eða mathöll í húsinu á lóð nr. 2 við Vesturgötu. Í fyrirspurninni er gert ráð fyrir 10 til 12 básum í kjallara og einum til tveimur á annarri hæð ásamt starfsmannaðstöðu, skrifstofum og fleiru. Í risi. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. febrúar 2021.

Vesturgata 2 er þekkt hús Reykjavíkur en þar var löngum veitinga- og skemmtistaður undir nafninu Kaffi Reykjavík. Um tíma var þetta eitt þekktasta bar- og skemmtihús borgarinnar þangað sem fólk leitaði ýmissa erinda eins og að sýna sig og sjá aðra. Stundum í von um óvænta en ef til vill ánægjulega fundi þegar nýr sólarhringur var að renna upp. Staðurinn hefur heitið Restaurant Reykjavík að undanfögnu og má muna fífil sinn fegurri ef miðað er við gullaldarárinn fyrir, um og eftir liðin aldamót. Nú er leitað nýrra verkefna fyrir þetta þekktasta hús og hefur verið staðnæmst við mathöll en slík veitingahús njóta vinsælda nú um stundir. Ekki eru gerðar skipulagslega athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa frá 25. febrúar 2021.

Vilja flytja Dillons- hús á Suðurgötu 2

- telja því betur komið fyrir á upprunalegum stað en í Árbæjarsafni



Dillonshús meðan það stóð við Suðurgötu 2 þangað sem hópur fólks vill flytja það aftur.

Hugmyndir hafa komið fram um að flytja Dillonshús úr Árbæjarsafni á sinn upphaflega stað á horni Túngötu og Suðurgötu. Það eru Árni Snævarr upplýsingafulltrúi og rithöfundur, Gísli Marteinn Baldursson fjölmiðlamaður, Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, Kristinn Hrafnsson ritstjóri Wikileaks, og Sif Sigmarisdóttir rithöfundur og pistlahöfundur Fréttablaðsins sem hafa lagt þetta til. Húsið var flutt í Árbæjarsafni árið 1961 og er friðað.

Þau telja tímaskekkju að geyma gömul og söguleg hús í Árbænum langt frá sínum upprunalegu slóðum nú þegar þétting byggðar er „alfa og ómega“ í bæjarpolitíkinni í Reykjavík eins og þau komust að orði í grein í Fréttablaðinu nýverið. Upp úr miðri síðustu öld og síðar voru hús flutt í Árbæjarsafni og talið að sameina ætti þau á einum stað og þá nánast fyrir utan borgina enda Árbærinn óbyggður um 1960. Þannig myndu húsin varðveitast og segja sína sögu í safni en ekki verða fyrir nýjum miðborgarbyggjum.

Sigríður Elísabet Þorkelsdóttir Bergmann

Dillonshús á sér merkilega sögu. Húsið var reist af breskum aðalsmanni Arthur Edmund Denis Dillon eða Dillon lávarði sem byggði það fyrir íslenska ástkonu sína Sire Ottesen öðru nafni Sigríði Elísabetu Þorkelsdóttur Bergmann árið 1853. Sigríður Elísabet var dóttir Þorkels Bergmann sem var annar fyrsti kaupmaður í Reykjavík og um skeið forstjóri Innrétttinganna. Hún var fædd í Kaupmannahöfn og ólst þar upp. Á sextánda ári var hún gift Lárusi Ottesen kaupmanni sem var bróðursonur Sigurðar Stefánssonar Hólabiskups og Ólafs Stephensen stiftamtmanns. Þar fékk hún Ottesennafnið. Þau eignuðust tvo syni. Þorkel Valdimar Ottesen, síðar verslunarmann og ári síðar Pétur Odd Ottesen, bónda og dannebrogsmann á Ytra-Hólmi við Akranes, afa Péturs Ottesen alþingismanns er lengst sat á Alþingi allra íslendinga. Sire og Lárus skyldu að borði og sæng 1819. Síðar eignaðist hún son með ungum skólapilti og síðar annan með Petersen faktor en báðir þeir drengir létust ungir. Þá var Lárusi nóg boðið og krafðist lögskilnaðar og hlaut hún síðan dóm fyrir hördóm.

Glæsileg kona og valdi sér ástmenn

Þekktust er Sire fyrir samband sitt við Arthur Dillon lávarð. Hún þótti sérlega glæsileg kona og var af mörgum talin ein fegursta kona landsins á sinni

tíð. Sire var mjög óvenjulega kona að sögn sem sjá má af því að hún lifði lífi sínu frjáls og óþvinguð af illu umtali og stífum gildum samfélagsins. Hún tók sér ástmenn eftir þörfum og lét sér fátt um finnst þrátt fyrir slúður síðapostula. Sire rak veitingasölu í Reykjavík og þar kynntist hún Bretanum Dillon en hann var í fæði þar sem hún starfaði.

Ástin tók völdin

Ástin tók völdin og í júní 1835 fæddist þeim dóttir sem hlaut nafnið Henrietta eftir móður Dillons. Dillon hugðist kvænast Sire og lét smíða hús fyrir þau til að búa í á Ullarstofutúninu sem nú er bílastæðislóð við Suðurgötu 2. Dillon mun ekki hafa fengið samþykktu kaþólskrar fjölskyldu sinnar fyrir giftingu þeirra og af þeim sökum hrökklaðist hann af landi brott haustið 1835. Áður eftirlét hann húsið ástkonu sinni sem rak þar gistingu og veitingasölu. Jónas Hallgrímsson skáld var leigjandi hennar um tíma því hann bjó í herbergi uppi á lofti í Dillonshúsi síðasta vetur sinn á Íslandi 1841 til 1842 en fór þá alfarinn til Kaupmannahafnar. Sire dvaldi undir handarjaðri dóttur sinnar síðari ár ævinnar þar til að hún flutti til sonar síns, Odds Péturs að Ytra-Hólmi þar sem hún lést 79 ára að aldri. Talið er að Henrietta hafi á efri árum farið til Englands til að hitta ættingja sína en ekki er vitað með vissu hvort hún hafi hitt fóður sinn. „Hún var frjálsgleg eins og drottning, samboðin hverjum konungbornum tignarmanni,“ skrifaði Tómas skáld Guðmundsson um Sire.

Í fréttir vegna óhugnaðar

Dillonshús komast í fréttir í febrúar 1953 vegna óhugnaðar. Þá gerðist sá hörmulegi atburður að Sigurður Magnússon lyfjafræðingur, sem bjó í húsinu réð fjölskyldu sinni, eiginkonu, þremur ungum börnum og sjálfum sér bana með blásýru. Sigurður hafði glímt við erfið veikindi áður en hann fyrirfór fjölskyldunni en náð nokkurri heilsu á ný. Margt er á huldu um veikindi hans. Í bókinni Ísland í aldanna rás segir að hann hafi þjádast af heilabólgu sem er vírussjúkdómur en ekki er talið ljóst hvort sá sjúkdómur olli þessum atburði eða hvort hann þjádast af geðveilu eða persónuleikabrestum óháð heilabólgunni. Í bréfi sem hann skildi eftir sig kvaðst hann ekki geta skilið fjölskyldu sína eftir. Hann kaus að taka hana með sér yfir móuna miklu. Er þessi atburður í Dillonshúsi með þeim óhugnanlegri sem orðið hafa í sögu Reykjavíkur.

49

Ljósmyndasafn
Reykjavíkur

1981–2021

Sigurhans Vignir

06.03.–19.09.2021



Hið þögla en göfuga mál

www.borgarsogusafn.is

25% AFSLÁTTUR AF ALLRI INNIMÁLNINGU

GILDIR TIL
15. APRÍL

malis.is



- vörn til frambúðar


MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS
Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is



Öruggara spjall

Í öruggu netspjalli á islandsbanki.is getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

Góð þjónusta breytir öllu



Baráttan um Bernhöftstorfuna fékk farsælan endi

Bernhöftstorfan dregur nafn sitt af Bernhöftsbakarí sem hóf starfsemi 25. september 1835. Tíldrög þess voru þau að maður að nafni Knutson sem var kaupmaður í Reykjavík hafði fengið þýskan bakarameistara Daniel Bernhöft að nafni frá Nuestat í Þýskalandi til að koma hingað til lands og standa að rekstri bakarís. Daniel Bernhöft kom hingað ásamt danskri eiginkonu sinni og syni í september 1834 og hóf rekstur bakarísins 25. september sama ár. Þá var ekkert bakarí í landinu og enga bakarakunnáttu að finna hér á landi. Rekstur Bernhöftsbakarís hefur staðið óslitið síðan. Bernhöftsbakarí var í Bankastræti 2 frá 1834 til 1931. Þá flutti bakaríið í kjallaranum við Bergstaðastræti 14 og var þar til sumarið 1996 að það var flutt yfir götuna að Bergstaðastræti 13. Haustið 2016 flutti Bernhöftsbakarí á Skúlagötu 3 og sameinaðist þar hinu upphaflega Björnsbakarí.

Torfan sem kennd er við þetta fyrsta bakarí á Íslandi er húsaröð austan Lækjargötu með bakhlíð að Skólastræti. Nyrsta húsið á torfunni er frá 1834 og stendur með gaflinn að Bankastræti og telst samliggjandi húsum númer 2 við þá götu. Húsum þar sem bakaríið var í næst um heila öld. Annað götuheiti Bakarabrekka sem síðar varð Bankastræti dróg einnig nafn sitt af þessari starfsemi. Syðsta húsið og torfunni sem oft var kallað Læknahúsið er byggt tveimur árum eftir að bakaríið hóf starfsemi eða 1836 og telst í dag Amtmannsstígur 1. Á milli þeirra stendur húsið Gimli sem er við Lækjargötu 3 og var reist árið 1905. Bernhöftstorfan er samstæðasta húsalengja í Reykjavík frá þessum tíma. Menntaskólinn Reykjavík stendur nokkru sunnar eða við Lækjargötu 7. Skólinn var reistur árið 1846 þegar Bessastaðaskóli sem var arftaki Hólavallaskóla var fluttur til Reykjavíkur.



Bernhöftstorfan eins og hún lítur út í dag.

Danskar fúaspýtur og hrútakofar

Bernhöftstoran er í dag talin til menningarverðmæta bæði er varðar húsagerðarlist og bygginga- og skipulag þess tíma sem hún er reist auk þess að vera minnisvarði um Reykjavík eins og bærinn var á fyrstu árum raunverulegrar kaupstaðarmenningar. Bernhöftstorfan hefur þó ekki alltaf verið talin til sögulegra og menningarlegra kosta. Í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar urðu miklar deilur um Bernhöftstorfuna. Árið 1970 tóku stjórnvöld – síðasta viðreisnarstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks ákvörðun um að rífa Bernhöftstorfuna, húsaröðina ofan Lækjargötu á milli Bankastrætis og Amtmannsstíg og byggja þar Stjórnarráðshús. Þá þegar urðu skiptar skoðanir um málið og snörp orðaskipti áttu sér stað. Húsunum á Torfunni var meðan annars lýst sem „dönskum fúaspýtum“ og

„hrútakofum“ og hrópuð voru slagorð eins og „rífið kofana“.

Torfusamtökin stofnuð

Þegar hér var komið sögu hófst baráttan fyrir verndun Torfunnar. Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt, þáverandi formaður Arkitektafélag Íslands beitti sér fyrir því að stofnuð voru samtök um varðveislu húsanna - Torfusamtökin sem voru stofnuð 1972. Árið áður 1971 hafði stjórn Arkitektafélags Íslands ákveðið að efna til samkeppni um hvernig glæða mætti þessi umdeildu hús nýju lífi og tengja þau umhverfi sínu í gamla miðbænum. Fyrstu verðlaun í samkeppninni hlutu arkitektarnir Úlrik Stahr og Haukur Viktorsson.

Hluti af Reykjavík Jóns Sigurðssonar

Hinn fyrsta desember 1972 var haldinn fjölmennur útifundur framán við Bernhöftstorfuna. Að þeim fundi stóðu öll félög innan

Bandalags íslenskra listamanna og öll félög ungra stjórnmalamanna auk einstaklinga. Þar fluttu ávörp Jónatan Þórmundsson lögfræðingur, Páll Lindal þáverandi borgarlögmaður og eiginmaður Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts og Þór Magnússon þjóðminjavörður. Í ávarpi Þórs kom fram að hvarvetna í heiminum hafi menningarverðmætum verið eytt umhugsunarlaust og víða um lönd hafi nú risið upp kröftug andmæli gegn þessari geryðingarstefnu. Hann sagði Íslendinga hafa horft sljóum augum á hvernig menningarverðmæti þjóðarinnar hafi verið tætt í sundur og þeim eytt, oft af lítilli ástæðu. Hann benti á að hér hefðum við dálítinn part af Reykjavík 19. aldar sem væri enn ósnortinn að mestu. „Þetta er hluti af Reykjavík Jóns Sigurðssonar og samtímamanna hans, sem við nefnum oft á degi sem þessum og þökkum baráttuna fyrir sjálfstæði landsins. Þessi húsaröð frá stjórnarráðinu til Bókhöllu Menntaskólans er hið eina samfellda sem nú er eftir af byggðinni í Reykjavík frá því um miðja 19. öld,“ sagði Þór.

Fögur stjórnarráðsbygging

Hálfum mánuði áður en útifundurinn var haldinn hafði Ellert B. Schram sent fyrirspurn til menntamálaráðherra á Alþingi um afstöðu hans til friðunar Bernhöftstorfunnar. Magnús Torfi Ólafsson sem þá var menntamálaráðherra lýsti

ekki afstöðu sinni en sagði að ekki hefði verið tekin afstaða til málsins enn. Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra svaraði fyrirspurn Ellerts og lýsti sig andvígán friðun húsanna, engin eftirsjá væri að þeim og þau væru engin borgarþrói. Ólíkt myndarlegra væri ef þarna risi fögur stjórnarráðsbygging.

Hörður og Þorsteinn

Um þetta leyti var mikil umræða að hefjast um verndum húsa. Upphafsmenn þeirrar umræðu voru Hörður Ágústsson listmálari og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt og leikari. Þeir voru frumkvöðlar á þessu sviði hér á landi. Hörður hóf snemma að fjalla um byggingarlist í ræðu og riti. Hann stundaði rannsóknir á sögu íslenskrar húsagerðar frá því snemma á sjöunda áratugnum og ritaði fjölda greina og bóka um ýmsa þætti íslensks byggingar- og myndlistararfs á innlendum og erlendum vettvangi. Hann átti þátt í stofnun Húsafriðunarnefndar og sat í henni 1970 til 1995. Hann sérhæfði sig í endurbyggingum og stóð að endurgerð margra merkra bygginga á sínum ferli. Að öllum öðrum ólöstuðum má segja að Hörður hafi verið sá frumkvöðull sem var ötulastur allra við verndun og endurbyggingu gamalla húsa hér á landi og ekki síður við að fjalla um málefnið.

Nýr hugsunarháttur

Með 68 kynslóðinni svonefndu tókst nýr hugsunarháttur á loft. Ungt fólk fór að endurskoða gildi mannlífsins og þar á meðal hús og varðveislu þeirra. Á þessum árum varð til jarðvegur þar sem nýjar áherslur og lífsgildi uxu úr. Þar á meðal að varðveita gildi gamalla húsa. Ýmsar raddir höfðu talað fyrir húsfriðun áður en flestar fyrir daufum eyrum þar til að unga fólk tók undir þær. Margir húsverndunarsinnar voru menntafróðir arkitektúr og lögðu til þekkinguna og skipulagninguna og unga kynslóðin myndaði í fyrsta skipti fjöldahreyfingu að baki vernarhugmyndum.

Torfan máluð um nótt

Mikla athygli vakti þegar hópur áhugamanna, með Guðrúnu Jónsdóttur og Torfusamtökin í broddi fylkingar málaði húsin á Bernhöftstorfu laugardaginn 19. maí 1973. Þar voru margir sjálfbóðaliðar að verki. Margir sem oftast klæddust jakkafötum en málningargöllum. Málningarverksmiðja og fleiri gáfu málninguna. Hið fegursta veður og var þessa maínótt þegar



Gimli.



Torfu samtökin stóðu að því að mála húsin á Bernhöftstorfu laugardaginn 19. maí 1973. Þar voru margir sjálfbóðaliðar að verki og þarna má sjá Erling Gíslason leikara í stiga við máningarstörf með hvíta húfu á höfði.



Þessi mynd er tekin 1907 við afhjúpun stytta af Jónasi Hallgrímssyni, í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá fæðingu hans. Bernhöftstorfur nýtur sín vel í bakgrunni.

glöðvær hópur framkvæmdir þessa andlitslyftingu. Framtak hópsins mæltist vel fyrir hjá almenningi og jók enn fylgi fólks við varðveislu húsanna. Engu að síður var nokkuð í land með að friður fengist og endurbygging gæti átt sér stað. Árið 1976 veittu stjórnvöld leyfi til að hreinsa húsin og létu hita þau upp.

Móhúsabruninn og friðun Torfunnar

Í mars 1977 var kveikt í

Móhúsunum og Mjólskemmuni og brunnu þau til grunna en naumlega tókst að bjarga hinum húsunum. Hús þau sem brunni töldust til Bankastrætis 1, voru upphaflega reist árið 1834 og öll úr timbri. Slökkvistarfi var því mjög erfitt. Eldurinn breiddist út með örskotshraða og slökkviliðið fékk ekki ráðið við útbreiðslu hans í gömlu húsunum. Þessi verknaður vakti enn háværari raddir um friðun húsanna. Árið 1979 var þrýstingur innan og utan stjórnkerfisins

var orðinn það mikill að þáverandi menntamálaráðherra, Ragnar Arnalds, friðaði húsin 7. ágúst 1979.

Leigusamningur um Torfuna

Rúmum fimm árum síðar var komið á fót sjálfseignarstofnun um Bernhöftstorfuna er hlaut nafnið Minjavernd. Aðild að Minjavernd fengu þeir aðilar sem næst verkefninu stóðu, Torfusamtökin, Þjóðminjasafnið



Bankastræti 2 var illa farið eins og sjá má á þessari mynd.

og fjármálaráðuneytið, sem í raun fór með eignarhald lóða og húsa á Torfunni. Þegar Vilmundur Gylfason var tekinn við stöðu menntamálaráðherra á haustnóttum 1979 óskaði stjórn Torfusamtakanna eftir því við ráðherra að þau fengju Torfuna á leigu gegn því að endurbyggja hana. Hinn 20. nóvember 1979 var undirritaður leigusamningur til tólf ára milli ríkisstjórnarinnar og Torfusamtakanna.

Endurbygging hafin

Minjavernd tók þá við öllum skuldbindingum og réttindum Torfusamtakanna um endurbyggingu og viðhald húsa og lóða á torfunni. Þorsteinn Bergsson var ráðinn framkvæmdastjóri Minjaverndar. Endurbyggingin var hafin.

Fyrst var ráðist í viðgerðir á Landlæknishúsinu við Amtmannsstíg 1. Það verk hófst þegar 1979 og var starfsemi komin í húsið í júní næsta ár. Síðan var hafist handa við Bernhöftshús að Bankastræti 2 sem nú er þekkt sem Lækjarekka. Það verk hófst haustið 1980 og var lokið síðla árs 1981. Árið 1983 hófst smíði við nýbyggingar í stað þeirra húsa sem brunnu 1977 og var hluti þeirra tekinn í notkun árið 1984. Síðan varð nokkurt hlé á framkvæmdum en árið 1989 var lokið við framkvæmdir með viðgerð á Gamla bakaríni, nýbyggingu Kornhlöðunnar og lokaáfangna Móhúsa meðfram

Skólastræti. Þá var jafnframt reist nýbygging fyrir aftan Gimli sem nefnd hefur verið Suðurálma.

FÍ fasteignafélag kaupir Torfuna

Í nóvember 2013 samþykkti Minjavernd tilboð FÍ fasteignafélags í byggingarnar á Torfunni en félagið er að miklu leyti í eigu lífeyrissjóða. Alls bárust sex tilboð en um er að ræða húseignirnar Amtmannsstíg 1, Bankastræði 2 og Lækjargötu 3. Sala eignanna tók skamman tíma. Þær voru fyrst auglýstar til sölu 25. október og þann 11. nóvember var tilkynnt að tilboð FÍ fasteignafélags hefði verið samþykkt. Fasteignamat eignanna, sem eru samtals ríflega 1.800 fermetrar var á þeim tíma 300 milljónir króna en brunabótamatið ríflega 600 milljónir. Í húsunum hefur verið starfrækt fjölbreytt starfsemi eftir endurreisn. Sem dæmi má nefna að Sinfóníuhljómsveit Íslands hafði þar skrifstofur auk Listahátíðar Reykjavíkur sem í dag hefur aðsetur í Gimli. Fyrirtæki er starfa að ferðaþjónustu hafa verið þar og upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn verið í nýbyggingum frá 1979. Jafnframt hafa verið þar vinsælir veitingastaðir. Þar á meðal Lækjarekka og Torfan og ýmis önnur starfsemi. Barátta fyrir vendum og uppbyggingu Bernhöftstorfunnar fékk að lokum farsælan endi.

Neskirkja í dymbilviku og gleðidagana



Laugardagur 27. mars

Ferming kl. 11 og 13.30

Félagar úr Kór Neskirkju
Organisti Steingrímur Þórhallsson
Prestar Skúli S. Ólafsson og
Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

Pálmásunnudagur, 28. mars

Hátíðarmessa kl. 11 og sunnudagskóli

Kór Neskirkju
Organisti Steingrímur Þórhallsson
Prestar Skúli S. Ólafsson og
Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

Þriðjudagur 30. mars

Krossgötur kl. 13

Skúli S. Ólafsson fjallar um
Matthías Jochumsson
og prédikanir hans

Skírdagskvöld, fimmtudagur 1. apríl

Messa kl. 18

Félagar úr Kór Neskirkju
Organisti Steingrímur Þórhallsson
Prestur Skúli S. Ólafsson

Föstudagurinn langi, 2. apríl

Guðsþjónusta kl. 11

Félagar úr Kór Neskirkju
Organisti Steingrímur Þórhallsson
Prestur Skúli S. Ólafsson

Samtal um Finnþoga að lokinni guðsþjónustu
Nú stendur yfir sýning Finnþoga Péturssonar
á Torginu. Dr. Gunnar Kristjánsson guðfræðingur
ræðir verkin.

Páskadagur, sunnudagur 4. apríl

Hátíðarmessa kl. 8.00

Kór Neskirkju
Organisti Steingrímur Þórhallsson
Prestar Skúli S. Ólafsson og
Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

Samfélag, morgunverður og páskahlátur kl. 9.00
Við morgunverðarborðið eru sagðar gamansögur,
enda tilefni til að gleðjast.

Sunnudagaskóli og páskaeggaleit kl. 11.00

Stutt samvera í kirkjunni. Svo er farið út í garð
og leitað að páskaeggjum.
Prestur Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir
Organisti Steingrímur Þórhallsson

Annar í páskum, mánudagur 5. apríl

Messa og ferming kl. 11
Félagar úr Kór Neskirkju
Organisti Steingrímur Þórhallsson
Prestur Skúli S. Ólafsson

Þriðjudagur 6. apríl

Krossgötur kl. 13

Skúli S. Ólafsson fjallar Matthías Jochumsson
og ár hans á Sigurhæðum.

Barnastarfi 6-9 ára kl. 13.40

Sunnudagur 11. apríl

Messa og sunnudagskóli kl. 11

Félagar úr Kór Neskirkju
Organisti Steingrímur Þórhallsson
Prestur Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

Ferming kl. 13.30

Félagar úr Kór Neskirkju
Organisti Steingrímur Þórhallsson
Prestar Skúli S. Ólafsson og
Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

AS WE GROW

UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



WWW.ASWE GROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK Dagskrá - Apríl

1. apr. fim. kl. 14.

Fermingarmessa skírdag.

Séra Hjörtur Magni Jóhannsson, safnaðarprestur leiðir stundina. Hljómsveitin Mantra og Sönghópurinn við Tjörnina leiða tónlistina ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista.

2. apr. fös. kl. 20.

Tónleikar, Guja Sandholt.

Föstudagurinn langi. Flutningur á The Little Match Girl Passion eftir David Lang.

4. apr. sun. kl. 9.

Hátíðarmessa á páskadagsmorgun

Séra Hjörtur Magni Jóhannsson, safnaðarprestur leiðir stundina. Fiðluleikarinn Hjörleifur Valsson leikur af fingrum fram. Barnakórinn við Tjörnina syngur undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur. Hljómsveitin Mantra og Sönghópurinn við Tjörnina leiða tónlistina ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista.

11. apr. sun. kl. 14.

Fermingarmessa

Séra Hjörtur Magni Jóhannsson, safnaðarprestur leiðir stundina. Hljómsveitin Mantra og Sönghópurinn við Tjörnina leiða tónlistina ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista.

18. apr. sun. kl. 14.

Fermingarmessa

Séra Hjörtur Magni Jóhannsson, safnaðarprestur leiðir stundina. Hljómsveitin Mantra og Sönghópurinn við Tjörnina leiða tónlistina ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista.

22. apr. sun. kl. 14.

Fermingarmessa sumardaginn fyrsta.


Séra Hjörtur Magni Jóhannsson, safnaðarprestur leiðir stundina. Hljómsveitin Mantra og Sönghópurinn við Tjörnina leiða tónlistina ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista.

Vesturbæjarskóli

Menntabúðir Austur Vestur

Í byrjun mars voru haldnar menntabúðir fyrir kennara í Vesturbæjarskóla í Austur Vestur þróunarverkefni um sköpunar- og tæknismiðjur sem er unnið í samstarfi við Ingunnarskóla og Selásskóla. Hlýtt var á erindi frá Mark Shillitoe, kennara frá Yorkshire í Bretlandi sem hefur fundið sína leið til að tengja menntun, tækni og sköpun í lífi og starfi. Hann starfar sem nú kennari við The International School in Delft í Hollandi.

Ósk Dagsdóttir hélt fyrirlestur um skapandi stærðfræði þar sem kennurum gafst kostur á að velja fyrir sér sköpun í stærðfræðinám og kynna leiðum til þess að efla stærðfræði á öllum stigum grunnskólans. Til gaman má geta að nokkrir kennarar í Vesturbæjarskóla taka þátt í þróunarverkefni um leiðtoganám



Frá Menntabúð kennara í Vesturbæjarskóla.



í stærðfræði sem felst í því að leggja grunn að faglegu

námssamfélagi með samræðum um stærðfræðinám og kennslu.

Neskirkju á föstudaginn langa

Samtal um Finnboga kl. 12:00

Á föstudaginn langa, 2. apríl verður dagskrá í Neskirkju sem er helguð sýningu Finnboga Péturssonar þar sem hann vinnur með hljóðið og þögnina í þremur verkum sem eru til sýnis í safnaðarheimili Neskirkju.

Dr. Gunnar Kristjánsson ræðir þar verkin og höfund þeirra. Við guðsþjónustu kl. 11.00 verður lagt út af þeim stefnum sem listamaðurinn vinnur með og í framhaldi eða kl. 12.00 hefst samtalið. Torgið í safnaðarheimili Neskirkju er að margra mati eitt framsæknasta sýningarrými á landinu. Þar hafa nokkrir af fremstu myndlistarmönnum þjóðarinnar sýnt verk sín og er sýning Finnboga nú þar uppi. Kaffi verður á könnunni.



Finnbogi Pétursson með Kærleikskúlu ársins.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Dómkirkjan um páskana



Skírdagur

Tíðasöngur kl. 17.30 með séra Sveini Valgeirssyni.

Messa kl. 20.00

séra Elínborg Sturludóttir og sr. Sveinn Valgeirsson. Dómkórinn og Kári Þormar dómorganisti. Getsemanestund, andakt meðan altari er afskrýtt.

Föstudagurinn langi

Guðþjónusta kl. 11.00, séra Sveinn Valgeirsson, Dómkórinn og Kári Þormar dómorganisti.

Páskadagur

Hátíðarmessa kl. 8.00.

Séra Sveinn Valgeirsson prédikar og séra Elínborg Sturludóttir þjónar fyrir altari, Dómkórinn og Kári Þormar.

Hátíðarmessa kl. 11.00.

Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og dómkirkjuprestar þjóna. Dómkórinn og Kári Þormar.

Annar í páskum

Messa kl. 11.00,

séra Elínborg Sturludóttir, Dómkórinn og Kári Þormar dómorganisti.

Minum á síðdegistónleika, tíðasöng, örpílagrímagöngur og kyrrðarstundir. Sjá nánar á fésbókinni og domkirkjan.is

Gleðilega páska!



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímabókanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

Páskakveðja frá Dómkirkjunni



Og þær fóru inn í gröfina og sáu eitt ungmenni sitja til hægri hliðar skryddan síðu klæði hvítu og þeim blöskraði við. En hann sagði til þeirra: „Eigi skulu þér hræðast. Þér leitið að hinum krossfesti Jesú af Naðsaret. Hann er upprisinn og er eigi hér.“ (Markúsarguðspjall 16.k. Guðbrandsbiblíu)

Í þessum fáu orðum er dregið saman svar Guðs við grundvallarótta mannsins.

Konurnar koma að gröfinni, ganga til móts við ótta sinn og sorg og reikna með dauðinn haldi sínu eins og hann hafði gert fram til þessa. En þeim blöskrar við þegar þær mæta boðskap Guðs fyrir munn ungmennisins: Hann er upp risinn!

Það er von að þeim blöskri; því þessi boð ganga gegn hinu viðtekna.

Undanfarin misseri hafa reynt mjög á okkur öll. Kófið minnti okkur á svo margt; að lífið er viðkvæmt og samfélag manna sömuleiðis. En jafnfamt finnum við hvað það er dýrmætt að eiga vonina um að allt það gangi yfir og við endurheimtum lífið, ef svo má að orði komast.

Sá er einmitt boðskapur páskanna; að lífið verður reist upp aftur og einangrunin, óttinn og dauði verður ekki hlutskipti okkar, heldur líf og lífsgleði.

Páskar boða sigur lífsins.

Starfsfólk Dómkirkjunnar óskar lesendum gleðilegrar og uppbyggilegrar hátíðar.

Fermingar og Páskar á næsta leiti mikið úrval af afskornum blómum, laukum og plöntum



Opunartími um páskana:

Skírdagur: 11 – 18

Föstudagurinn langi: Lokað

Laugardagur 3.apríl :11 – 18

Páskadagur: Lokað

Annar í páskum: opið 11 – 16



Hundrað rampar og kaffihús

Reisa á 100 rampa í miðborg Reykjavíkur til þess að auðvelda fötluðu fólki sem notar hjólastóla aðgengi að ýmsum stöðum. Ákvörðun um það var tilkynnt á blaðamannafundi fimmtudaginn 11. mars. Það er Haraldur Þorleifsson athafnamaður og fyrrum eigandi hönnunarfyrirtækisins Ueno sem stendur að baki þessari framkvæmd.

Að frumkvæði Haraldar hefur verið stofnaður sérstakur aðgengissjóður sem fjölmörg fyrirtæki standa að. Sjóðurinn mun standa straum af meginkostnaði eða allt að 80% fyrir þá verslunar- og veitingahúsa eigendur sem taka þátt í verkefninu. Með römpunum verður öllum gert kleift að sækja veitingastaði og verslanir þátttakenda í Reykjavík. Unnið verður í góðu samstarfi við eigendur viðkomandi bygginga og skipulagsyfyrirvöld. Reykjavíkurborg er stofnaðili að verkefninu og mun tryggja góðan framgang þess.

Kaffihús við Tryggvagötu

Haraldur er með fleiri járn í eldinum. Hann vinnur nú að því að stofna kaffihús með litlum kvikmyndasál á jarðhæð Tryggvagötu 11. Félag í eigu Haraldar Unnarstígur ehf. festi kaup á jarðhæðinni í janúar síðastliðnum fyrir 135 milljónir króna en hæðin telur tæplega 390 fermetra. Haraldur seldi fyrirtækið Ueno sem hann stofnaði heima í stofu árið 2014. Kaupandi þess var Bandaríski samfélagsmiðillinn Twitter. Fyrirtækið óx og dafnaði með árum og er það nú með starfstöðvar í San Francisco, New York, Los Angeles og Reykjavík.



Haraldur Þorleifsson stendur að baki því að "rampa" upp Reykjavík eins og hann kallar verkefnið.



Tryggvagata 11. Þar var hinn vinsæli veitingastaður Icelandic Fish & Chips lengi starfræktur en honum var lokað síðla árs 2019.

Vísindaporpið í Vatnsmýrinni

Fjölbreytt og lifandi byggð

Vísindaporpið í Vatnsmýri er orðið að veruleika. Samstarfsvettvangur um það var undirritaður 10. mars sl. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík; Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík; Páll Matthíasson, forstjóri Landsspítala Íslands og Sigurður Magnús Garðarsson stjórnarformaður Vísindagarða HÍ rituðu undir samstarfsvettvanginn 10. mars sl.

Vísindaporpið verður markaðssett alþjóðlega undir heitinu Reykjavík Science City í samstarfi við Íslandsstofu. Hugvit, nýsköpun og tækni verða burðarásar verðmætasköpunar til að gera Ísland að eftirsóttum stað til rannsókna, þróunar og fjárfestinga. Meðal annars verður horft til tækifæra sem tengjast líftækni og heilsutengdri tækni, auk þess sem laða á til landsins erlend fyrirtæki og sérfræðinga.

Svæði þar sem fólk kys að búa og starfa

Framtíðarsýn Vísindaporpsins á sér nokkur aðdraganda. Árið 2013 var samþykkt að í Vatnsmýri byggist upp fjölbreytt, hvetjandi, lifandi og þétt borgarbyggð. Hún skyldi standa saman af háskólum, háskólasjúkrahúsi, þekkingarfyrirtækjum, vísindagörðum, frumkvöðlasetrum, íbúðum fyrir almenning og stúdenta, þjónustu, verslun, afþreyingu, menningu og grunn- og leikskólum í nánun tengslum við náttúru, útivist og almenningsrými. Með þessu var stefnt að því að Vatnsmýrin yrði svæði þar sem fólk kysir að eiga heima, starfa og heimsækja. Framtíðarsýnin er að samgöngur verði greiðar innan svæðis, við alþjóðflugvöll og höfuðborgarsvæðið. Þar gegnir alhliða samgöngumiðstöð á umferðarmiðstöðvarreit mikilvægu hlutverki í samgöngum innan Reykjavíkur og út um allt land.

Samstarfið getur laðað að fjárfestingu

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri segir mikinn styrkur af því að



Frá undirritun samstarfsvettvangsins um vísindaporpið í Vatnsmýrinni.

borgin og þessar kjölfestustofnanir í þekkingarhagkerfinu deili framtíðarsýn um eflingu Vatnsmýrinnar og þekkingarstarfsemi þar. Háskólarinn og Landspítalinn eru í lykilhutverki við að nýta tækifærin í samstarfi sín á milli og við þekkingarfyrirtæki svæðisins og að draga nýja og spennandi aðila inn á svæðið til viðbótar. Hann bendir á að með þessu nýja samstarfi geti Vatnsmýrin laðað að sér fjárfestingu, fyrirtæki og verkefni og eflst verulega sem miðja verðmætasköpunar á sviði hugvits, nýsköpunar og þekkingar til framtíðar

Aðilar í fremstu röð

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands segir að Háskólinn fagni samstarfi þessara aðila undir merkjum Vísindaporpsins í Vatnsmýrinni. „Við höfum í samstarfi við alþjóðleg fyrirtæki, borgaryfirvöld og stjórnvöld staðið fyrir kraftmikilli uppbyggingu í þágu atvinnulífs og samfélags á svæði Vísindagarða HÍ og Háskólans á undanförunum árum og munum áfram leggja okkar af mörkum þannig að Vísindaporpið dafni sem allra best í Vatnsmýrinni.“ Jón Atli bendir á að vísindastarf á Íslandi hafi stóreflsta á undanförunum árum og hafi þeir aðilar sem bindast nú böndum verið þar í fremstu röð.

Rík áhersla á þarfir nemenda

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala segir framtíðarþróun Landspítala í jaðri Vísindaporpsins í Vatnsmýri löngu hafna og verkefnið gangi vel. Nýtt húsnæði verði reist þar fyrir spítalann á næstu árum til að uppfylla grunnkröfur samtímans til heilbrigðisþjónustu. Lögð verði rík áhersla á þarfir nemenda í heilbrigðisvísindum við uppbygginguna. Hann benti á að um sex þúsund starfsmenn starfi við Landspítalann háskóla-sjúkrahús og um tvö þúsund nemendur stundi þar nám. og gegnir mikilvægu hlutverki sem stærsta heilbrigðisstofnun landsins.

Stóraukin hlutur þekkingariðnaðarinnar

Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu segir spennandi verkefni að markaðssetja Vatnsmýrina sem ákjósanlegan stað fyrir þekkingaruppbyggingu framtíðar. Viðs vegar á Norðurlöndunum, og víðar hafi slík vinna skilað miklum árangri og tækifærum fyrir samfélagið. Eitt af markmiðum útflutningsstefnu stjórnvalda sé að stórauka hlut þekkingariðnaðarinnar í öflun útflutningstekna og það er ánægjulegt að sjá þá stefnu færða í verk með þessum hætti.



Kyrravika og páskar í Hallgrímskirkju

Pálmásunnudagur 28. mars

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Prestar Sigurður Árni Þórðarson og Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Messuþjónar aðstoða. Félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju syngja. Organisti Björn Steinar Sólbergsson. Umsjón með barnastarfi: Rósa Árnadóttir og Ragnheiður Bjarnadóttir.

Passíusálmar í hádeginu

Í kyrraviku, mánudag til fimmtudags, verða passíusálmar lesnir kl. 12 á hádegi.

Lesarar: Steinunn B. Jóhannesdóttir, Sigurður Árni Þórðarson og Axel Gunnarsson. Fyrir og eftir lestur leikur Björn Steinar Sólbergsson á orgel kirkjunnar.

Skírdagur 1. apríl

Kvöldguðsþjónusta og Getsemanestund kl. 20. Prestur Sigurður Árni Þórðarson. Messuþjónar aðstoða. Organisti Björn Steinar Sólbergsson. Schola cantorum syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar.

Föstudagurinn langi 2. apríl

Guðsþjónusta kl. 11. Prestur Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju syngja. Einsöngur Oddur Arnþór Jónsson. Vladimir Waltham leikur á selló. Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

Passíusálmalestur kl. 13 – 18:30

Sigurður Skúlason les alla passíusálma Hallgríms Péturssonar á föstudeginum langa. Í lestararhléum leikur Björn Steinar Sólbergsson föstutónlist á Klais orgelið. Sigurður hefur lesið Passíusálma víða og í mörgum kirkjum. Þessi lestur Sigurðar er, að hans sögn, sá síðasti.

Páskadagur 4. apríl

Páskaguðsþjónusta kl. 8. Prestar Sigurður Árni Þórðarson og Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju syngja. Forsöngvarar úr kórnum flytja páskaleik. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Prestar Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson. Messuþjónar aðstoða. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Einsöngur Herdís Anna Jónasdóttir. Fiðluleikari Elva Rún Kristinsdóttir. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson. Umsjón með barnastarfi: Kristný Rós Gústafsdóttir og Ragnheiður Bjarnadóttir. Páskaeggjaleit kynnt í barnastundinni.

Annar í páskum 5. apríl

Messa kl. 11. Prestur Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari. Kristný Rós Gústafsdóttir prédikar. Félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju syngja. Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

Allir velkomnir
www.hallgrimskirkja.is



😊 Nýtt í Bike Cave 😊

Hellisbúa fjölskyldutilboð

aðeins í takeaway



- 4 ostborgarar / grænmetisborgarar
- 4 skammtar strá franskar
- 4 kokteilsósar / vegan kokteilsósar
- 4 gos í dós að eigin vali

4.995 kr.



Bike Cave, Einarsnesi 36, 102 Reykjavík – Sími 770-3113

Passíusálmarnir í Seltjarnarneskirkju á Föstudaginn langa



Það er orðin venja í Seltjarnarneskirkju á Föstudaginn langa að lesa upp alla 50 Passíusálma sr. Hallgríms Péturssonar, þann merka kveðskap sem þjóðin hefur haft í hávegum kynslóð eftir kynslóð. Allir eru velkomnir að hlýða á lesturinn í kirkjunni – að viðhöfðum sóttvarnarreglum – eða fylgjast með honum á Fésbókarsíðu kirkjunnar þar sem lestrinum verður streymt.

Lesturinn hefst kl. 13 og lýkur um kl. 18. Hópur Seltirninga á ýmsum aldri og báðum kynjum annast lesturinn, hver lesari flytur gjarna 2-3 sálma.

Margir hafa undanfarin ár komið í kirkjuna til að hlýða á lesturinn og dvalið lengur eða skemur eftir aðstæðum. Í hléum á milli lestra er venja að leika fallega tónlist og annast hana að þessu sinni þau Friðrik Vignir Stefánsson organisti kirkjunnar og fiðluleikarinn Hlín Erlendsdóttir. Tónlistin hefur átt sinn þátt í að skapa ljúft andrúmsloft á þessum helga degi - sem margir telja þann allra helgasta á öllu kirkjuárinu.

Auk þess að rifja upp sögu krossfestingar Krists hafa Passíusálmarnir að geyma dýrmæt heilræði sem öllum er hollt að hugleiða. Ekkert samið á íslensku hefur verið gefið út jafnoft og þessi óviðjafnanlegi kveðskapur sálmaskáldsins. Þessi aldagamli kveðskapur á beint og brýnt erindi við nútímafólk ekki síður en fyrir kynslóðir.

Morgunstund gefur gull í mund

- morgunkaffi, þrjónahittingur og Kraftur í KR á Aflagranda

Í síðustu viku byrjuðum við með morgunkaffi á fimmtudagsmorgnum, þetta er byggt á Foreldramorgnum sem voru hér í húsi í nokkur ár með mjög góðum árangri og finnum við þörfina á að bjóða upp á þennan vettvang á ný.

Það eru allir eru velkomnir bæði með og án barna og ætlum við að hittast alla fimmtudagsmorgna á milli kl. 9:30 til 11:00. Markmið okkar er að taka á móti öllum íbúum í hverfinu okkar opnum örmum og sjáum við fyrir okkur að Samfélagshús hverfisins sé kjörinn staður til þess. Að sjálfsögðu stendur Samfélagshúsið alltaf opið og heitt á könnunni. Hér er hægt að finna sér ýmislegt að gera nú eða fá aðstoðu fyrir skemmtileg og skapandi verkefni.

Þrjónahittingur Önnu

Hún Anna okkar er ansi iðin við að þrjóna og hefur vakið mikla athygli hjá gestum okkar í Samfélagshúsinu. Hún er byrjuð með þrjónahitting alla þriðjudaga kl. 13:30. Hér er allt til alls, garn og þrjónar til að koma fólki af stað en þó er best að koma með sitt eigið uppá liti og annað. Anna er með uppskrift sem unnið er eftir og aðstoðar hún þátttakendur við að þrjóna og kennir réttu handtökin. Það þarf ekki að þrjóna eftir þeirri uppskrift sem Anna er með, því ef þú ert með eitthvað á þrjónunum og langar í félagsskap eða vantar aðstoð er hægt að koma með sitt eigið og sitja með öðrum að þrjóna og fá aðstoð frá Önnu.

Kraftur í KR

Svo má nú ekki gleyma Krafti í KR, hressandi hreyfing í frábærum félagsskap alla mánudagsmorgna kl. 10:30 í KR heimilinu. Linda Björk íþróttafraeðingur, með margra ára reynslu í hreyfingu eldra fólks, sér um tímana sem eru mjög



Aflagrandi 40.

metnaðarfullir og góðir. Hér fer hver og einn á sínum hraða og styrk. Það hefur verið ótrúlega góð mæting á nýju ári og erum við heppin að hafa stóran sal þar sem allir fá nóg pláss. Þessir góðu tímar eru fólki að kostnaðarlausu og hvetjum við alla til að koma og hreyfa sig við bestu aðstæður. Við bjóðum upp á frístundaakstur fyrir þá sem vilja og þurfa og fer billinn frá Vesturgötu 7 kl. 10:10, Grandavegi 47 kl. 10:15 og Aflagrandi 40 kl. 10:20.

Við minnum líka á facebooksíðuna okkar Samfélagshúsið Aflagrandi 40 – þar setjum við inn allt það helsta. Einnig er hægt að hafa samband í síma 411-2701 & 411-2702.

*Komið og njótið.
Siri og Helga.*



PLÜTÖ

PIZZA

TILBOÐ 18" PIZZA

2 ÁLEGGSTEGUNDIR

2.900 KR

OPIÐ DAGLEGA FRÁ

11:30-21:00

HAGAMELUR 67

PLUTOPIZZA.IS



Flott föt fyrir flottar konur



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNLSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242



Sverrir Einarsson

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Hið þögla en göfuga mál

Sýning á verkum Sigurhans Vignir

Hið þögla en göfuga mál er heiti 40 ára afmælisýning á verkum ljósmyndarans Sigurhans Vignir sem stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Sigurhans Vignir var einn af athyglisverðari og mikilvirkari ljósmyndurum í Reykjavík á starfsárum sínum frá 1917 til 1965. Hann skildi eftir sig verðmætt filmusafn sem varðveitt er á Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Í því eru ríflega 40 þúsund myndir, flestar teknar á árunum 1940 til 1965. Margar þeirra eru afar áhugaverðar heimildir um mannlíf og uppbyggingu samfélagsins á fyrstu áratugum íslenska lýðveldisins.

Á löngum starfsferli sínum sem ljósmyndari tók Vignir að sér margbreytileg verkefni en það sem sameinar þau flest er fjölskrúðugt atferli manneskjunnar frá vöggu til grafar. Hann myndaði verkafólk við vinnu, presta skíra börn, hernám á hlutlausu þjóðríki, brúðkaup og afmæli ýmis konar, skautahlaup, fegurðarsamkeppni í Tívolí, hárkollugerð og stofnun lýðveldis, svo fátt eitt sé nefnt.

Sigurhans Vignir tók einnig myndir fyrir Reykjavíkurborg og eru margar þeirra mikilvægar heimildir um starfsemi sveitarfélagsins, sögu þess og þróun. Á myndum hans má sjá grjótharðar framkvæmdir, malbikun, mótatimbur, steypta veggir og stál og einnig orkuver risa upp úr moldinni. Þar eru



Ljósmynd: Sigurhans Vignir. 9. júlí 1945 Kaupskipið Esja kemur til Reykjavíkurhafnar með 300 íslenska farþega sem höfðu orðið innlyksa á Norðurlöndunum er síðari heimsstyrjöldin skall á 1939.

líka skemmtilegar myndir af skólabörnum í leik og starfi og fjórleg starfsemi gæsluvalla, þar sem börn fylkja sér upp í himinháar rennibrautir, vega salt, moka, klifra og róla.

Hann var einnig mikilvirkur leikhúsljósmyndari og tók m.a. myndir fyrir Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur. Sýningin er opin alla daga og stendur til og með 19. september á þessu ári.

TÍMAMÓT



Gæða jógaðýnur fyrir framtíðina. Asanas, Manduka. Frábær tímamótgjöf fyrir fermingarfólk og aðra.



Lífrænir samfestingar. Móst í fataskápinn, jóga og sumarferðalagið.



Mjög innihaldsrikt möntruskart. Gjöfin til fermingarfólks 2021.



Vertu Spiritual Gangster í sumar. Einstakar peysur unnar af hugsjónafólki í LA.



D og K vítamín Loksins. Frá Viridian. Alveg í hárréttum hlutföllum.



Vagusolia Nuddaðu mikilvægustu taug líkamans.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Laugarnar í Reykjavík

Páskasund

Afgreiðslutími sundstaða um páska 2021

	Skírdagur 1. apríl	Föstud. langi 2. apríl	Laugardagur 3. apríl	Páskadagur 4. apríl	2. í Páskum 5. apríl	Sumard. fyrsti 22. apríl	Verkalýðsdagur 1. maí
Árbæjarlaug	9-22	10-18	9-22	10-18	9-22	9-22	9-22
Breiðholtslaug	9-22	10-18	9-22	10-18	9-22	9-22	9-22
Grafarvogslaug	9-22	10-18	9-22	10-18	9-22	9-22	9-22
Klébergslaug	11-18	11-18	11-18	11-18	11-18	11-18	11-18
Laugardalslaug	8-22	10-18	8-22	10-18	8-22	8-22	8-22
Sundhöllin	8-22	10-18	8-22	10-18	8-22	8-22	8-22
Vesturbæjarlaug	9-22	10-18	9-22	10-18	9-22	9-22	9-22
Ylströndin	11-16	Lokað	11-16	Lokað	11-16	11-16	11-16
Fjölsk.- og húsd.	10-17	10-17	10-17	10-17	10-17	10-17	10-17
Skíðasvæðin *	10-17	10-17	10-17	10-17	10-17	10-17	10-17 * Ef veður leyfir

2m
Höidum bilinu og sýnum hvert öðru tillitssæmi

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Tveir Hagskælingar í vinningsætum

María Sverrisdóttir og Kolgrímur Máni Stefánsson í Hagaskóla hlutu fyrstu og önnur verðlaun í smásagnakeppni félags enskukennara á Íslandi.

María hlaut fyrstu verðlaun fyrir söguna Whisper in the Wind (Hvíslað í vindi) í flokki 8. til 10. bekkjar og Kolgrímur Máni hlaut önnur verðlaun fyrir söguna The Reflection (Hugleiðingin) í flokki 8. til 10. bekkjar. Þau tóku við verðlaunum sínum á Bessastöðum.



María og Kolgrímur með verðlaunin á Bessastöðum. Með þeim á myndunum er Eliza Reid forsetafrú.

Alþýðulist í Vesturbænum

Áskell Þórisson fyrrum blaðamaður og ritstjóri hefur fundið sér skemmtilegt og verðugt viðfangsefni eftir að hann dró saman í daglegum önnum blaðamenskunnar. Hann hefur unnið myndverk þar sem íslensk náttúra leggur til grunn en hann umskapar síðan með aðstoð myndvinnslutækni.

Áskell sýndi nokkurn fjölda verka sinna í Gallerí Vest á Hagamel 64 á dögunum og mun það vera önnur sýningin sem hann heldur á myndverkum sínum á þessum stað. Áskell er náttúruskoðandi. Hann fer um með myndavélina. Virðir fyrir sér umhverfið hvort sem það eru blómabeð, steinar, vatnsperlur eða annað sem fyrir augun ber og tekur myndir. Grunnmyndirnar veita honum síðan innblástur og tækni til þess að vinna myndefni í þær áttir sem hugurinn leitar hverju sinni. Myndsköpun Áskells fellur vel undir hugmyndir um alþýðulist þar sem fólk hefur í aldanna rás beitt ýmsum aðferðum og tækni til listsköpunar og jafnan sótt sér fyrirmyndir í umliggjandi umhverfi. Bragi Ásgeirsson sagði eitt sinn alþýðulistina ekki síður mikilvæga en list stórmeistaranna, en það séu einmitt þeir sem helst hafi kunnað að meta hana og hafi beint kastljósinu að sjálfsprottinni list og list þeirra geðsjúku og sérvitru. Bragi taldi helsta kost alþýðulistarinnar vera þann að hún sé í eðli sínu ópólitísk og miði aðeins að því að fylla upp í andlegt tómarúm hversdagsins og sé þannig náskyld frumstæðri tjáningarþörf mannsins. Þótt myndir Áskells kunni að vera sprottnar af þörf til að finna sér verk að vinna fremur en sköpunarþörf þá byggir hann myndvinnsluna á hefðum alþýðulistarinnar. Eina sem hefur breyst er að ný tækni hefur komið til sögu. Þar hefur hann þróað sínar aðferðir. Sköpunarþörfin kemur engu að síður fram í viðfangsefninu. Vonandi á hann eftir að sýna meira af verkum sínum.



Tvö af náttúruhlífverkum sem Áskell sýndi í Gallerí Vest á dögunum.



ER PLANIÐ SKÍTUGT?

GÖTUSÓPUN
ÞVOTTUR
MÁLUN

Fáðu tilboð í s: 577 5757
www.gamafelagid.is



Netverslun:
systrasamlagid.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIDURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

KR borðtennis

Tveir titlar á Íslandsmeistaramóti

Tveir titlar komu í hlut KR á Íslandsmeistaramóti í borðtennis. Ársól Clara Arnardóttir sigraði í 1. flokki kvenna og Steinar Andrason í 2. flokki karla á mótinu sem fram fór í TBR-húsinu 6. til 7. mars.

Í 1. flokki kvenna átti KR þrjár af fjórum á verðlaunapalli. Ársól lagði Kristínu Ingibjörgu Magnúsdóttur 3-0. Ársól sigraði líka í flokknum árið 2019. Þóra Þórisdóttir varð í 3. til 4. sæti en hún tapaði 2-3 fyrir Ársól í undanúrslitum.

Steinar sigraði Jón Gunnarsson úr BH 3-0 í úrslitaleiknum í 2. flokki karla.

Eiríkur Logi Gunnarsson átti titil að verja í 1. flokki karla en hann tapaði í oddalotu í undanúrslitum fyrir Erni Þórðarsyni úr HK.

Kristjana Áslaug Káradóttir fékk brons í 2. flokki kvenna en hún tapaði 1-3 fyrir Söndru Dís Guðmundsdóttur úr BH sem sigraði í flokknum.

Ellert Kristján Georgsson og Pétur Gunnarsson fengu brons í tvíliðaleik karla. Þeir töpuðu 1-3 í undanúrslitum fyrir Inga Darvis Rodriguez og Magnúsi Jóhanni Hjartarsyni úr Víkingi.

Lára Ívardsdóttir og Þóra Þórisdóttir fengu brons í tvíliðaleik kvenna. Þær töpuðu 0-3 fyrir Agnesi Brynjarsdóttur og Nevenu Tasic, sem urðu Íslandsmeistarar.

Davíð Jónsson, stigahæsti leikmaður KR, meiddist í tvíliðaleik þegar hann og Gestur Gunnarsson, meðspilari hans, voru hársbreidd frá því að tryggja



Borðtennislið KR á Íslandsmeistaramóti.

sér sæti í undanúrslitum. Þeir drógu sig úr keppni og Davíð lék heldur ekki í einliðaleik, þar sem hann var fjórði stigahæsti leikmaðurinn.

Kynslóðaskipti hafa orðið í kvennaflokki hjá félaginu, þar sem Aldís Rún Lárusdóttir, sem hefur verið drjúg við söfnun verðlauna á Íslandsmeistaramótum undanfarin ár

hefur ekki keppt í vetur. Þá hefur Auður Tinna Aðalbjarnardóttir einbeitt sér að þjálfun og lék aðeins í tvenndarleik. Hins vegar eru margar ungar konur í deildinni fæddar 2000 og síðar sem eiga framtíðina fyrir sér.

Best og efnilegust fyrir árið 2020

Á aðalfundi Knattspyrnudeildar KR sem haldin var í febrúar voru tilkynntir bestu og efnilegastu leikmenn meistaraflokka KR árið 2020.

Hjá meistaraflokki karla var Atli Sigurjónsson valinn bestur og Stefán Árni Geirsson efnilegastur.

Hjá meistaraflokki kvenna var Katrín Ómarsdóttir valin best og Alma Mathiesen efnilegust.

ÓMISSANDI
í veisluna

BYKO**Krono
Original**

High Quality

GROHE**Tilboðsverð****Essence Pro**
Eldhústæki, krómað.
Hægt er að skipta
um lit á barka**62.316**

15330294

Almennt verð: 77.895

20%**Tilboðsverð****Colorado Eik**Harðparket,
8mm, 192x1285mm
Hörkustuðull AC4**2.555** kr/m²

0113585

Almennt verð: 3.194 kr/m²**20%****Dream**Veggflís, 20x50cm,
wave áferð.

Litur White - ljós.

16 stk í pakka

6.600 kr/m²

17900222

DreamVeggflís, 20x50cm,
slétt. Litur Taupe

– grábrún.

16 stk í pakka

4.900 kr/m²

17900220

DreamVeggflís, 20x50cm,
wave áferð.

Litur Taupe – grábrún.

16 stk í pakka

6.600 kr/m²

17900223

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

SINTESI**GROHE****20%****Tilboðsverð****NewTempesta**sturtusettt með tveimur
mismunandi úðum**35.036**

15326381

Almennt verð: 43.795

Tilboðsverð**Baðtæki**Hitastýrt baðtæki
me 1/2" niðurstút og
StarLight® króm áferð**33.596**

15334770

Almennt verð: 41.995

GROHE**20%****Tilboðsverð****Grohtherm 1000**Krómað sturtutæki frá Grohe
með 1/2" niðurstút fyrir
barka og CoolTouch® tækni**27.196**

15334777

Almennt verð: 33.995

GROHE**Ný
hönnun****20%****Afgreiðslutími**Virka daga **8-18**Laugardaga **10-18**Sunnudaga **10-16****www.byko.is****BYKO**
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!**Verslaðu á netinu á byko.is**